

Hringrás - Akureyri
Ægisnes 1 1
600 Akureyri

AFRIT

Reykjavík 7. desember 2018
UST201807-074/F.T.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun


Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 5. nóvember 2018 þar sem stofnunin lagði dagsektir á Hringrás Akureyri vegna tveggja frávika. Þann 5. nóvember barst úrbótaáætlun rekstraraðila. Fjallað er um frávík varðandi neyðaráætlun í bréfi dags. 7. desember, málsnúmer UST201703-032.

Frávikin eru eftirfarandi:


1. **Gr. 2.10 í starfsleyfi.** Úr sér gengin ökutæki skal geyma á plani með bundnu yfirborðslagi og fráveitan leidd í sandfang og olíuskilju. Við skoðun á útisvæðum kom í ljós að efnishaugar ná út fyrir stept undirlag athafnasvæðisins. Í úrbótaáætlun rekstraraðila kom fram að tryggt verði í áframhaldandi vinnslu að bíflök verði einungis á malbikuðu svæði, þar sem afrennsli sé tengt olíugildru. Úrbætur verða teknar út í eftirliti 2019 þegar tilfærslu efnishauga er lokið, en frestur til úrbóta vegna þeirra er til 31. desember 2018.

Umhverfisstofnun samþykkir úrbótaáætlun rekstraraðila. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er 52.800 kr.


Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri

Virðingarfyllst


Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.